

2. gr.

Vátryggingarfélög, sem hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt reglugerð nr. 88 25. október 1929, skulu að fullu hafa lagt fram tryggingarfé samkvæmt 1. gr. fyrir 20. apríl 1970, en fyrir 20. apríl 1969 skulu þau hafa afhent kr. 1 000 000.00 í tryggingarfé.

Hafi tryggingarfé eigi verið afhent samkvæmt framansögðu fellur viðurkenning niður frá og með 1. maí þar á eftir.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 97. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. febrúar 1969.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Öxarfjarðarhreppi, N.-Þingeyjarsýslu.

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 200% álagi í Öxarfjarðarhreppi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 20. febrúar 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Miðneshrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Miðneshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 7.80 hverja kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á kr. 3.90 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 21.85 á hvern fermeter gólfflatar í rúmi því er lýsa skal.

Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, skrifstofum og vinnustofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 10.90 á ári af hverjum fermetra.